



1. júní 2023
Tilv.: 2305059

Dreifibréf nr. 24/2023 til tilkynningarskyldra aðila skv. a - k lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 140/2018

Efni: Viðmiðunarreglur EBA um notkun tæknilausna til að framkvæma áreiðanleikakönnun í gegnum fjarskiptabúnað

Almennt um viðmiðunarreglurnar

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (*e. guidelines*) um notkun tæknilausna til að framkvæma áreiðanleikakönnun í gegnum fjarskiptabúnað („Guidelines on the use of remote onboarding solutions“) (EBA/GL/2022/55) (hér eftir viðmiðunarreglur).¹

Viðmiðunarreglurnar byggja á fjórðu peningaþvættistilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 og útfæra nánar ferlið við innleiðingu tæknilausna til að framkvæma áreiðanleikakannanir í samræmi við a-, b- og c-lið 1. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar, sbr. 10. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem fjallar um könnun áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn.

Viðmiðunarreglunum er jafnframt ætlað að útfæra nánar ferlið þegar tilkynningarskyldir aðilar byggja á áreiðanleikakönnunum annars tilkynningarskylds aðila, sbr. 1. kafli í 4. hluta tilskipunarinnar, sbr. 18. gr. laga nr. 140/2018 sem fjallar um áreiðanleikakönnun þriðja aðila.

Enn fremur er viðmiðunarreglunum ætlað að útfæra nánar ákvæði um stefnu, stýringar og verkferla sem er að finna í 4. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar, sbr. a-lið 2. mgr. 5. gr. a. laga nr. 140/2018. Í a-lið 2. mgr. 5. gr. a laganna er tilgreint að stefna, stýringar og verkferlar skulu að lágmarki fela í sér ákvæði um þróun og uppfærslu stefnu, stýringa og verkferla þ.m.t aðferðir við áhættustýringu, áreiðanleikakönnun, varðveislu gagna, innra eftirlit o.fl..

¹ [Guidelines on the use of remote customer onboarding solutions | European Banking Authority \(europa.eu\)](https://www.eba.europa.eu/en/press-releases/2022/10)

Samspil milli annarra viðmiðunarreglna

Viðmiðunarreglurnar eru til fyllingar við eftirfarandi viðmiðunarreglur:

- Viðmiðunarreglur EBA um áhættuþætti vegna peningþvættis og fjármögnunar hryðjuverka (The ML/TF Risk Factor's Guidelines).²
- Viðmiðunarreglur EBA um innri stjórnarhætti (Guidelines on internal governance under CRD).³
- Viðmiðunarreglur EBA um stefnu og verklag í tengslum við stjórnun regluvörslu og hlutverk og skyldur regluvarðar vegna aðgerða gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka (Guidelines on aml/cft compliance officers).⁴
- Viðmiðunarreglur EBA um fyrirkomulag útvistunar (Guidelines on outsourcing arrangement).⁵
- Viðmiðunarreglur EBA varðandi stjórnun áhættu vegna upplýsinga- og samskiptatækni (ICT) og öryggisáhættu (Guidelines on ICT and security risk management).⁶

Efni viðmiðunarreglnanna

Í formála viðmiðunarreglnanna kemur fram að komið hafi í ljós að þær kröfur sem settar voru fram í tilskipun 2015/849 hafi verið innleiddar með ólíkum hætti milli markaða og aðildarríkja, og kröfunum því ekki alltaf beitt með sama hætti. EBA hefur bent á að mismunandi framkvæmd milli aðildarríkja leiði til hindrana fyrir nýsköpun og veitingu fjármálaþjónustu yfir landamæri og að ólík framkvæmd geti haft það í för með sér að innri markaðurinn sé berskjaldaðri fyrir misnotkun.

Því er viðmiðunarreglunum ætlað að setja fram sameiginlega staðla og viðmið við þróun og innleiðingu á tæknilausnum til að framkvæma áreiðanleikakönnun í gegnum fjarskiptabúnað. Viðmiðunarreglurnar setja fram aðgerðir sem lána- og fjármálastofnanir eiga að innleiða til að ganga úr skugga um að sú tæknilausn sem valin er sé fullnægjandi og áreiðanleg, geti viðhaldið sama áreiðanleika og gæðum til framtíðar og uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til framkvæmdar áreiðanleikakannana. Viðmiðunarreglurnar eru skýrar um að svo lengi sem tæknilausnin uppfyllir þau skilyrði sem sett eru fram í viðmiðunarreglunum og landslögum þá er val um það hvaða tæknilausn er innleidd alfarið á ábyrgð lána- og fjármálastofnunarinnar.

Í fyrsta kafla viðmiðunarreglnanna er fjallað um að innleiða beri áhættumiðaða stefnu og verkferla um tæknilausnir til að framkvæma áreiðanleikakönnun í

² [EBA | Fjármálaeftirlitið \(fme.is\)](#)

³ [EBA | Fjármálaeftirlitið \(fme.is\)](#)

⁴ [EBA | Fjármálaeftirlitið \(fme.is\)](#)

⁵ [EBA | Fjármálaeftirlitið \(fme.is\)](#)

⁶ [EBA | Fjármálaeftirlitið \(fme.is\)](#)

gegnum fjarskiptabúnað og hvað skuli að lágmarki koma fram í slíkum skjölum. Fjallað er um að ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningþvætti (e. AML/CFT Compliance officer) beri ábyrgð á að innleiða og viðhalda skilvirkri stefnu og verkferlum og tryggja reglulega uppfærslur og leiðréttingar ef tilefni er til. Þá kemur fram að það sé á ábyrgð framkvæmdastjórnar (e. Management body) að samþykkja og fylgja eftir rétttri innleiðingu stefnu og verkferla. Fara skal fram sérstakt mat á tæknilausninni áður en hún er innleidd og viðhafa skal reglubundið eftirlit þar sem tryggt er að lausnin standist væntingar.

Í öðrum kafla er fjallað um öflun upplýsinga og hvaða tegund skjala, gagna og upplýsinga lána- og fjármálastofnun sé heimilt að byggja á til að sanna deili á viðskiptamanni og hvernig sannreyna skuli áreiðanleika þeirra upplýsinga. Gera skal nánar grein fyrir í verklagi hvaða skilyrði upplýsingar þurfa að uppfylla til að teljast fullnægjandi til að sanna deili á viðskiptamanni, einstaklingi og lögaðila. Þá skal tryggt að tilgangur og eðli fyrirhugaðra viðskipta sé metið áður en áreiðanleikakönnun í gegnum fjarskiptabúnað er lokið.

Í þriðja kafla er fjallað um áreiðanleika gagna þegar tekið er við afritum af frumgögnum en þá þarf að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja áreiðanleika afrita.

Í fjórða kafla er fjallað um samsvarandi auðkenni viðskiptamanna við sannreyningu. Fjallað er um þá lágmarksþætti sem þurfa að vera til staðar í tæknilausn sem framkvæmir áreiðanleikakönnun í gegnum fjarskiptabúnað til að sannreyna auðkenni viðskiptamanns. Að lágmarki skal tæknilausnin ganga úr skugga um að samsvörun sé milli sýnilegra upplýsinga um einstakling og þeirra skjala sem hann framvísar, að upplýsingar séu skráðar opinberlega þar sem viðskiptamaður er lögaðili og að sá sem kemur fram fyrir hönd lögaðila hafi til þess heimild.

Í fimmta kafla er fjallað um að gera skuli grein fyrir því í stefnu og verkferlum hvaða hluti af áreiðanleikakönnun í gegnum fjarskiptabúnað er framkvæmdur af þriðja aðila sbr. 1. kafli í 4. hluta tilskipunarinnar, sbr. 18. gr. laga nr. 140/2018 og hvaða hluta sé útvistað í samræmi við kröfur þar að lútandi. Þá er áréttað í þeim tilvikum sem áreiðanleikakönnun er framkvæmd í gegnum fjarskiptabúnað og útvistað, í heild eða að hluta, skuli farið eftir kafla 2.20 - 2.21 og 4.32 - 4.37 í viðmiðunarreglum um áhættuþætti auk viðmiðunarreglna um útvistun.

Í sjötta kafla er kveðið á um að bera skuli kennsl á og stýra áhættu vegna upplýsinga- og samskiptatækni (ICT) og öryggisáhættu í tengslum við notkun tæknilausna við áreiðanleikakönnun í gegnum fjarskiptabúnað. Það á einnig við þegar um er að ræða áreiðanleikakönnun sem er framkvæmd af þriðja aðila eða er útvistað, hvort sem er innan eða utan samstæðu. Þá er áréttað að til viðbótar við að fara eftir viðmiðunarreglum varðandi stjórnun áhættu vegna upplýsinga- og samskiptatækni (ICT) og öryggisáhættu skuli tryggja öryggi samskiptaleiða við áreiðanleikakönnun í gegnum fjarskiptabúnað. Þá skal tryggja örugga varðveislu trúnaðarupplýsinga og áreiðanleika þeirra gagna sem skiptast þarf á.

Að lokum er fjallað um að ef stuðst er við traustþjónustu eða rafræna auðkenningu í samræmi við a-lið 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2015/849, sbr. reglugerð Evrópusambandsins nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðnum⁷ þurfi að leggja mat á það að hvaða leyti slíkt sé í samræmi við viðmiðunarreglurnar og gera ráðstafanir til að milda þá áhættu sem felst í notkun framangreindrar þjónustu.

Niðurlag

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og eftirlitskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum evrópsku eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samræmdri, skilvirkri og árangursríkari eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands beinir því til tilkynningarskyldra aðila að kynna sér viðmiðunarreglur EBA/GL/2022/55 og taka mið af þeim í starfsemi sinni. Viðmiðunarreglurnar taka gildi 2. október nk. og verður haldin kynning síðar þar sem að nánar verður farið yfir efni viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglurnar í eftirlitsframkvæmd og við mat á því hvort kröfum samkvæmt þeim ákvæðum laga sem fjallað er um hér að framan er fullnægt.

Dreifibréf þetta mun birtast á vefsíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna.

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir
framkvæmdastjóri
háttsemiseftirlit

Dagmar Sigurðardóttir
lögfræðingur
háttsemiseftirlit

⁷ sbr. einnig lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti

